

VIÐ ERUM ÖLL
VINIR HÉR Á BÆ



Ársalir, Ársalir

Ársalir, Ársalir það er skólinn minn.
Lita ég og leira, leik mér við margt fleira.

Ársalir, Ársalir

það er skólinn minn.

Sauðárkrókur, Sauðárkrókur,

það er bærinn minn.

Þar er gott að búa, að honum vil ég hlúa.

Sauðárkrókur, Sauðárkrókur,

það er bærinn minn.

Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman,

þar leika allir saman,

leika úti og inni

og allir eru með

að hnoða leir og lita.

Þið ættuð bara' að vita

hvað allir eru duglegir

í leikskólanum hér.



Ég er mús

(Lag: Þegar barnið í fót sín fer)

Ég er mús eins og allir sjá,
lík er pabba og mömmu sem ég á.

Ostur besta sem ég veit
enda er ég soldið feit.

Svona er að vera mús
og kunna ekki að drekka úr krús,
en mig langar svo oft í djús.

Ég heiti;

Mýsla tísla, tásla, túsla (x3)

- þetta heiti ég!

Vinalagið

Við erum góð, góð hvert við annað,
rífumst ekki eða eða meiðum neinn.

;:Þegar við grátum huggar okkur
einhver, þerrar tár og klappar okkar
kinn: ;:

Litla, litla músin

Litla, litla músin, labbar af stað
með loðinn feld í skólann

Já bara veistu hvað?

Mamma hennar segir:

"mundu að vera góð,
svo músasiði alla þú
lærir stillt og hljóð"

Rétt áður en músin litla, labbar af
stað

rausnar músin góða
vefur inn í blað.

Voða mikið nesti
vænan mjólkurost.

Það veitir ekki af

Því að bráðum kemur frost.

Lítill heimur

Þar er gott að vera sem gleðin býr,

þar sem gerast sögur og ævintýr

svona er veröldin okkar,

sem laðar og lokkar

svo ljúf og hýr.

Lítill heimur, ljúfur, hýr,

lítill heimur, ljúfur, hýr,

lítill heimur, ljúfur, hýr

-eins og ævintýr.



Gráðug kerling

Gráðug kerling
hitaði sér velling
og borðaði, namm, namm, namm,
síðan svo, jamm, jamm, jamm
af honum heilan helling.

Svangur karlinn
varð alveg dolfallinn
og starði svo, sko, sko, sko
heilan dag, ho, ho, ho,
ofaní tóman dafinn.
Aumingja karlinn,
fékk engan mat.

Fingurnir

Pumalfingur, þumalfingur,
hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.
Vísifingur, vísifingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.
Langatöng, langatöng, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.
Baugfingur, baugfingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.
Litlifingur, litlifingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.
Vinstri hönd, vinstri hönd, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.
Hægri hönd, hægri hönd, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.

Kalli litli könguló

Kalli litli könguló klifraði upp á topp.
Þá kom rigning og Kalli litli datt.
Upp kom sólin og þerraði hans kropp.
Kalli litli könguló klifraði upp í topp.

Allir krakkar

Allir krakkar, allir krakkar eru í
skessuleik. Má ég ekki, mamma, með í
leikinn þamma. Mig langar svo, mig
langar svo að lyfta mér á kreik.

Við erum vinir

(lag: Meistari Jakob)

Við erum vinir, við erum vinir.
Ég og þú, ég og þú.
Leikum okkur saman,
leikum okkur saman.
Ég og þú, ég og þú.

Allur matur

Allur matur á að fara
upp í munn og ofan í maga.
Heyrið það, heyrið það,
svo ekki gauli garnirnar.

Dagarnir og mánuðirnir

Sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur,
miðvikudagur og fimmtudagur,
föstudagur og laugardagur
og þá er vikan búin.
Janúar, febrúar, mars, apríl, maí,
júní, júlí, ágúst,
september, október, nóvember og
desember.



Afi minn og amma mín

Afi minn og amma mín, út á Bakka búa.
Þau eru bæði sæt og fín
þangað vil ég fljúga.

Höfuð, herðar, hné og tær

∴ Höfuð, herðar, hné og tær, hné og tær ∴ ∴

Augu, eyru, munnur og nef.

Höfuð, herðar, hné og tær.

Apinn

Það var einu sinni api í ofsa góðu skapi. Hann vildi ekki grautinn en fékk sér banana. Bananana, (smell, smell), bananana, (smell, smell).
Bananana, bananana, bananana (smell, smell)

Það var í örkinni hans Nóa að dýrin fóru að róa. Hestur, hundur, hæna og líka krókódíll. Krókókódíll (smell, smell), Krókókódíll (smell, smell).
Krókókódíll, krókókódíll, krókókódíll (smell, smell).

Við setjum svissinn á

Við setjum svissinn á og við kúplum gírnum frá, svo er startað og druslan fer í gang! Drun, drun!

Það er enginn vandi að aka bifreið, ef maður bara kemur druslunni í gang.

Drun, drun!!



Nammi lagið

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó
Rosalegt fjör yrði þá
Ég halla mér aftur, rek tunguna út,
a-ha-a-ha-a-ha-a-ha-a-ha
rosalegt fjör yrði þá.

Ef regnið væri úr bleiku
bangsagúmmí
Rosalegt fjör yrði þá
Ég halla mér aftur, rek tunguna út,
a-ha-a-ha-a-ha-a-ha-a-ha
rosalegt fjör yrði þá.

Ef snjórinn væri úr sykarpúða og poppi
Rosalegt fjör yrði þá
Ég halla mér aftur, rek tunguna út,
a-ha-a-ha-a-ha-a-ha-a-ha
rosalegt fjör yrði þá.

Upp á grænum, grænum

Upp á grænum, grænum
himinháum hól
sá ég hérahjónin ganga.
Hann með trommu, bom-bom
bom-bo-rom-bom-bom,
hún með fiðlu sér við vanga.
Þá læddist að þeim ljótur byssukall
sem miðaði í hvelli.
En hann hittir bara
trommuna sem small
og þau hlupu og héldu velli.



Fiskavísur

Nú skulum við syngja um fiskana tvo sem ævi sína enduðu í netinu svo.

Peir syntu og syntu og syntu um allt en mamma þeirra sagði; vatnið er kalt.

Ba-ba-bú-bú-ba-ba-ba,

Ba-ba-bú-bú-ba-ba-ba.

Peir syntu og syntu og syntu um allt, en mamma þeirra sagði; vatnið er kalt.

Annar hét Gunnar en hinn hét Geir, þeir voru ósköp smáir, báðir tveir.

Peir syntu og syngu og syntu um allt, en mamma þeirra sagði; vatnið er kalt.

Ba-ba-bú-bú-ba-ba-ba,

Ba-ba-bú-bú-ba-ba-ba.

Peir syntu og syntu og syntu um allt, en mamma þeirra sagði; vatnið er kalt.

Gulur, rauður, grænn og blár

Gulur, rauður, grænn og blár svartur, hvítur, fjólublár. Brúnn bleikur banani appelsína talandi.

Gulur, rauður, grænn og blár svartur, hvítur, fjólublár.

Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti kallar á nafna sinn.

Ég fann höfuð af hrúti, hrygg og gæruskinn.

∴ Komdu nú og kroppaðu með mér, krummi nafni minn ∴

Mér er kalt á tánum

Mér er kalt á tánum, ég segi það satt ég er skólaus og skjálíandi og hef engann hatt.

Það snjóaði í morgun, það snjóaði í dag,

ég er hreint alveg ráðalaus en hvað um það.

Ég syng mína vísu um snjóinn og mig tralla lalla lalla la um snjóinn og mig.

Norðanvindurinn

Nú er úti norðanvindur nú er hvítur Esjutindur ef ég ætti úti kindurmyndi ég láta þær allar inn elsku besti vinurinn.

∴ Umbarassa, umbarassa, umbarassassa ∴

Frost er úti

Frost er úti fuglinn minn, ég finn hvað þér er kalt.

Nærðu engu í nefið þitt, því nú er frosið allt?

En ef þú bíður augnablik, ég ætla að flýta mér að biðja hana mömmu mína um mylsnu handa þér.

Krummi svaf í klettagjá

Krummi svaf í klettagjá kaldri vetrarnóttu á, verður margt að meini. Fyrr en dagur fagur rann freðið nefið dregur hann undan stórum steini.



Allir hlæja á öskudaginn

Allir hlæja á öskudaginn
ó hvað mér finnst gaman þá
hlaupa lítil börn um bæinn
bera poka til og frá.

Upp er runninn öskudagur

Upp er runninn öskudagur
ákaflega skýr og fagur.
Einn með poka ekki ragur
úti vappar heims um ból.
Góðan daginn. Gleðileg jól
Úmbarassa, úmbarassa...

Porramatur

(lag: Úmbarassa)

Ó hangikjöt, ó hangikjöt og
rófustappa, grænar baunir, súr
hvalur. Ó hangikjöt, ó hangikjöt og
sviðasulta, hrútsprungar og harðfiskur
;og hákarl og flatbrauð, mér finnst
svo gott að borða allan þennan mat;;

Bátasmiðurinn

Ég negli og saga og smiða mér bát.
og síðan á sjóinn ég sigli með gát.
Og báturinn vagnar og veltist um sæ,
ég fjörugum fiskum með færinu næ.

Hátt upp á fjalli...

Hátt upp á fjalli þar búa þrjú tröll:
Tröllapabbi, tröllamma og litli
Trolli tröll.
BÖÖHH!! segir pabbi tröll. Bööhh!!
Segir
mamma tröll, en hann litli Trolli tröll,
hann
segir bara: bööhhhhh!! (hvíslað).

Kubbahús

Kubbahús við byggjum brátt
Báðum lófum smellum hátt
Bubbum röðum sitt á hvað.
Hver vill skemma það?

Haustið

Haustið, haustið komið er
(klapp,klapp, klapp)
Haustið, haustið komið er
(klapp, klapp, klapp)
Haustið, haustið komið er
(klapp, klapp, klapp)
Haustið komið er.
Og þá falla blöðin af trjánum.
Og þá falla blöðin af trjánum.
Og þá falla blöðin af trjánum.
Haustið komið er.

Snjó Korn falla

Snjó Korn falla nú til jarðar eitt og
eitt,
snjó Korn falla nú til jarðar eitt og
eitt,
Nú er skemmtilegt að líta,
okkar landið kalda hvíta.
snjó Korn falla nú til jarðar eitt og
eitt.
Syngjum æ,æ,hopp og hí og hæ
svo það hljómi í þorpi, borg og bæ
inní dölum uppi á fjöllum
ómar loft af hlátrasköllum
syngjum æ,æ,hopp og hí og hæ.



Ljónið, ljónið, ljónið

(lag: Tombay) (nota ýmis önnur dýr)

Ljónið, ljónið, ljónið, ljónið, ljónið,
ljónið, ljónið

Öskrar hér, öskrar þar, öskrar alls
staðar.

Trala,la,la,la, trala, la, la, la, trala,la,
la, la, la.

Frost er úti fuglinn minn

Frost er úti fuglinn minn
ég finn hvað þér er kalt.

Nærðu engu í nefið þitt,
því nú er frosið allt?

En ef þú bíður augnablik
ég ætla að flýta mér,
að biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.



Fingurnir

Pumalfingur, þumalfingur,
hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Vísifingur, vísifingur, hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Langatöng, langatöng, hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Baugfingur, baugfingur, hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Litlifingur, litlifingur, hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Vinstri hönd, vinstri hönd, hvar ert
þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Hægri hönd, hægri hönd, hvar ert
þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Meistari Jakop

:: Meistari Jakob :: :: sefur þú ::

:: Hvað slær klukkan? ::

:: Hún slær þrjú. ::

Fingurkoss

Ég sendi þér fingurkoss:

Því við erum allra bestu,

bestu, bestu vinir vinir

allra bestu bestu bestu vinir.

Ég vinka og veifa þér:

Því við erum allra bestu,

bestu, bestu vinir vinir

allra bestu bestu bestu vinir.

Ég brosi breitt til þín,

Því þú ert gleði mín.

Því við erum allra bestu,

bestu, bestu vinir vinir

allra bestu bestu bestu vinir.

Við leiðumst hönd í hönd,

bundin í kærleikans bönd.

Því við erum allra bestu,

bestu, bestu vinir vinir

allra bestu bestu bestu vinir.



Bubbi byggir

Bubbi byggir! (Best að laga það!)
Bubbi byggir! (Ég held nú það!)

Skófli, Moki og Hringla, og Valti með,
Loftur og Selma, þau kæta okkar geð.
Hjá Bubba og hinum gaman er,
þau hjálpast að við hvað sem er.



Bubbi byggir! (Best að laga það!)
Bubbi byggir! (Ég held nú það!)

Snotra og Fuglinn hlusta á Hrapp,
Leika sér saman í einum hnapp.

Bubbi byggir! (Best að laga það!)
Bubbi byggir! (Ég held nú það!)

Hallormstaðarskógur

Hátt upp í tré í Hallormstaðarskógi
Heyri ég fagran þrastarsöng
Hæ gugulu gugulu gó.

Það er gaman að vera saman

Það er gaman að vera saman, vera
saman, vera
saman.
Það er gaman að vera saman, þá líður
okkur vel.
Vinur þinn er vinur minn
og vinur minn er vinur þinn.
Það er gaman að vera saman, þá líður
okkur vel.
Það er gaman að syngja saman, syngja
saman,
syngja saman.
Það er gaman að syngja saman, syngja
saman í
kór.



Þú skalt klappa...

∴ Þú skalt klappa ef þú hefur létta
lund ∴∴

Þú skalt klappa allan daginn
svo það heyrir út um bæinn.
Þú skalt klappa ef þú hefur létta
lund.

∴∴ Þú skalt stappa ef þú hefur létta
lund ∴∴

∴∴ Þú skalt hlæja ef þú hefur létta
lund ∴∴

∴∴ Þú skalt hoppa ef þú hefur létta
lund ∴∴

∴∴ Þú skalt smella ef þú hefur létta
lund ∴∴

Ég ætla að syngja

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja.
Ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru augun,
hérna eru eyrun,
hérna er "nebbinn" minn
og munnurinn.

Ég ætla...
Hérna er bringan,
hérna er naflinn,
hérna er rassinn minn
og búkurinn.

Ég ætla...
Hérna eru fingurnir,
hérna er höndin,
hérna er olnboginn
og handleggurinn.

Ég ætla...
Hérna eru tærnar,
hérna er hællinn,
hérna er hnéð á mér
og fótleggurinn hér.



Tönnin mín

Tönnin mín, tönnin mín
tönnin mín svo hvít og fín.

Bursta ég þar og hér
eins og vera ber.

Borða hollan góðan mat
svo á tönnina ekki komi gat.

Tönnin mín, tönnin mín, alltaf
hvít og fín.

Tönnin er með gati hér
grátandi hún líka er.

Burstuð hún ekki var hvorki
hér né þar. Karíus í henni sat
hjó í hana stærðar gat.

Tönnin er með gati
hér og grátandi hún er.

